



Borgarráð

***Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um kostnað vegna þátttöku í Bloomberg Harvard City Leadership Initiative***

Á fundi borgarráðs 7. mars 2019 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins:

Hvaða embættismenn borgarinnar tæmandi talið, taka þátt í leiðtogaþjálfun Bloomberg Harvard City Leadership Initiative? Hver er kostnaður borgarinnar af þessu verkefni tæmandi talið sundurliðað eftir aðilum? a. Flugmiðar? b. Hótelkostnaður? c. Dagpeningar?

Með bréfi dagsettu 11. mars 2019 var fyrirspurnin send skrifstofu borgarstjóra og borgarritara til umsagnar.

Leiðtogaþjálfun Bloomberg og Harvard eða Bloomberg Harvard City Leadership Initiative er nám og þjálfun sem borgarstjóranum í Reykjavík var boðið að taka þátt í ásamt borgarstjórum 39 annarra borga um allan heim. Þetta er í annað skipti sem slík leiðtogaþjálfun fer fram á vegum Harvard Business School og Harvard Kennedy School og góðgerðarstofnunar Michael Bloomberg, fyrrum borgarstjóra New York borgar, sem stendur straum af kostnaði við námið og þjálfunina, þar með talið námskeiðsgjöldum, ferðum og gistingu.

Námið og þjálfunin hófst síðasta sumar og lýkur nú í sumar og stendur því yfir í heilt ár. Í upphafi var um að ræða staðnám í eina viku en námið fer að öðru leyti fram í fjarnámslotum við Harvard Business School og Harvard Kennedy School. Markmiðið með náminu og þjálfuninni er að efla með þátttakendum leiðtoga- og stjórnunarfærni og gefa þeim kost á að afla sér hagnýtrar þekkingar og tengsla sem nýtist þeim beint í starfi. Þá gefast þáttökuborgum tækifæri til þátttöku í ýmsum verkefnum, og er Reykjavíkurborg á þeim grunni ein af tíu borgum sem stendur til boða sérstök þjálfun og utanumhald um samvinnuverkefni með aðkomu aðila innan og utan Reykjavíkurborgar. Verkefni Reykjavíkurborgar snýr að efldri og bættri samvinnu milli lykilaðila á sviði húsnæðismála með það að markmiði að efla samvinnu um húsnæðisuppbyggingu fyrir lágtekjuhópa og heimilislausu. Að því verkefni koma auk lykilaðila innan Reykjavíkurborgar fulltrúar frá Félagsstofnun stúdenta, Félagsbústöðum og Bjargi húsnæðisfélagi. Erlendir sérfræðingar hafa komið hingað til lands til að vinna með hópnum auk þess sem hópurinn naut þjálfunar og leiðsagnar fjölmargra sérfræðinga í vikulangri lotu sem haldin var í New York í janúar sl. Afrakstur þessarar vinnu verður brátt kynntur í borgarráði.

Þátttakendur í leiðtogaþjálfun Bloomberg Harvard eru Dagur B. Eggertsson borgarstjóri, Stefán Eiríksson borgarritari og Ólöf Örvarsdóttir sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs. Borgarstjóri fór til New York vegna verkefnisins 22.-26. júlí 2018. Stefán Eiríksson og Ólöf Örvarsdóttir fóru til New York vegna verkefnisins 18.-24. ágúst 2018.

Ferðakostnaður Reykjavíkurborgar vegna þessa skiptist með eftirfarandi hætti:

a) Flugmiðar	b) Hótelkostnaður	c) Dagpeningar
Dagur B. Eggertsson: 0 kr.	Dagur B. Eggertsson: 0 kr.	Dagur B. Eggertsson: 67.473 kr.
Ólöf Örvarsdóttir: 0 kr.	Ólöf Örvarsdóttir: 0 kr.	Ólöf Örvarsdóttir: 116.623 kr.
Stefán Eiríksson: 0 kr.	Stefán Eiríksson: 0 kr.	Stefán Eiríksson: 116.623 kr.

Samtals: 300.719 kr.

Eins og að framan er rakið tóku fulltrúar Reykjavíkurborgar þátt í sérstöku verkefni um bættu og eflða samvinnu á sviði húsnæðismála 12.-19. janúar sl. Á námskeiðið fóru Berglind Magnúsdóttir, skrifstofustjóri öldrunar- og húsnæðismála á velferðarsviði, Björn Axelsson skipulagsstjóri, Óli Jón Hertervig skrifstofustjóri eigna og atvinnuþróunar, Ólöf Örvarsdóttir sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs og Regína Ásvaldsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, auk fulltrúa frá Félagsstofnun stúdenta, Félagsbústöðum og Bjargi húsnæðisfélagi.

Ferðakostnaður Reykjavíkurborgar vegna þeirrar ferðar skiptist með eftirfarandi hætti:

a) Flugmiðar	b) Hótelkostnaður	c) Dagpeningar
Berglind Magnúsdóttir: 0 kr.	Berglind Magnúsdóttir: 0 kr.	Berglind Magnúsdóttir: 122.571 kr.
Björn Axelsson: 0 kr.	Björn Axelsson: 0 kr.	Björn Axelsson: 123.210 kr.
Óli Jón Hertervig: 0 kr.	Óli Jón Hertervig: 0 kr.	Óli Jón Hertervig: 102.199 kr.
Ólöf Örvarsdóttir: 0 kr.	Ólöf Örvarsdóttir: 0 kr.	Ólöf Örvarsdóttir: 123.210 kr.
Regína Ásvaldsdóttir: 0 kr.	Regína Ásvaldsdóttir: 0 kr.	Regína Ásvaldsdóttir: 122.571 kr.

Samtals: 593.761 kr.

Nánari upplýsingar um Bloomberg Harvard City Leadership Initiative má lesa á heimasíðu námsins: <https://www.cityleadership.harvard.edu/>.

Stefán Eiríksson  
borgarritari